

## REGLUGERÐ

### um stærð og þyngd ökutækja.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

###### 1. gr.

###### *Markmið og gildissvið.*

Markmið með reglugerð þessari er að setja reglur um hámark leyfilegrar stærðar og þyngdar ökutækis með tilliti til umferðaröryggis og álags á umferðarmannvirki.

Reglugerð þessi gildir um bifreiðar, eftirvagna, tengitæki og, eftir því sem við á, dráttarvélar og vinnuvélar sem ætluð eru til notkunar á vegum.

###### 2. gr.

###### *Skýringar.*

*Vagnlest:* Vélknúid ökutæki sem eftirvagn eða tengitæki er tengt við.

*Eftirvagn:* Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga. Undir skilgreininguna eftirvagn falla:

*Tengivagn:* Eftirvagn á tveimur ásum eða fleiri sem tengdur er við dráttartæki án þess að lóðréttir kraftar geti flust á milli ökutækjanna.

*Festivagn:* Eftirvagn á einum ási eða fleiri sem tengdur er við dráttartæki þannig að hluti af þyngd eftirvagnsins hvílir á því.

*Hengivagn:* Eftirvagn á einum eða tveimur ásum sem tengdur er við dráttartæki þannig að lóðréttir kraftar færast á milli ökutækjanna.

*Liðvagn:* Hópbifreið sem sett er saman úr tveimur ósveigjanlegum hlutum, tengdum saman með liðamótum, sem innangengt er á milli.

*Jafnhitavagn:* Ökutæki með fastri eða færarlegri yfirbyggingu sem sérstaklega er búin til að flytja vörur við stillanlegt hitastig og hefur a.m.k. 45 mm þykka hliðarveggi að einangrun meðtalinni.

*Tengitæki:* Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og er ekki eftirvagn. Ennfremur hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn.

*Háþekjugámur:* Gámur allt að 2,9 m að hæð.

*Áspungi:* Þungi ökutækis sem hvílir á hjólum á einum ási eða ásasamstæðu.

*Heildarþyngd ökutækis:* Þyngd ökutækis eða vagnlestar með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum.

Mál sem tilgreind eru um lengd, breidd og hæð ökutækja eiga einnig við lausar yfirbyggingar og staðlaðar farneiningar, t.d. gáma, svo og um farm ökutækis.

#### II. KAFLI

##### Stærð og þyngd ökutækis.

###### 3. gr.

###### *Skyldur ökumanns.*

Ökumaður ökutækis, sem reglugerð þessi gildir um, skal sýna sérstaka varúð í umferðinni með tilliti til stærðar og þunga ökutækis/vagnlestar og skal víkja greiðlega fyrir öðrum ökutækjum og nema staðar ef þörf krefur.

Ökumaður skal gæta þess sérstaklega, með tilliti til hæðar ökutækis, að valda ekki hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svip- aðar aðstæður.

## 4. gr.

*Merking vagnlestar.*

Aftan á vagnlest, sem er lengri en 18,75 m skal vera merki um hámarkshraða slíks öku- tækis og skilti með gulum fleti og rauðum jafri, með áletruninni „LANGT ÖKUTÆKI“, sbr. viðauka III. Óheimilt er að hafa skiltið aftan á vagnlest sem er 16,50 m eða styttri.

## 5. gr.

*Lengd ökutækis.*

Leyfileg lengd ökutækis er eftirfarandi:

- a. hóp bifreið með fleiri en tvo ása, 15,00 m,
- b. hóp bifreið með tvo ása, 13,50 m,
- c. hóp bifreið sem er liðvagn, 18,75 m,
- d. bifreið, önnur en hóp bifreið, 12,00 m,
- e. festivagn, 13,30 m,
- f. vagnlest, hóp bifreið með eftirvagn eða tengitæki, 18,75 m,
- g. vagnlest, bifreið, önnur en hóp bifreið, með festi- eða hengivagni eða samsvarandi tengitæki, 18,75 m,
- h. vagnlest, bifreið önnur en hóp bifreið, með tengivagni eða samsvarandi tengitæki, 22,00 m.

Lengd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta sem standa lengst fram og lengst aftur. Þó skal mæla lengd eftirvagns frá hugsaðri lóðréttri línu í gegnum miðju tengihluta hans að aftasta hluta eftirvagnsins. Lárétt fjarlægð frá hugsaðri lóðréttri línu í gegnum miðju tengi- pinna að hvaða hluta sem er fremst á festivagninum má mest vera 2,04 m.

Bifreið, svo og vagnlest, skal vera hægt að aka innan snúningsboga með 12,50 m radius í ytri hring og 5,30 m radius í innri hring, sbr. V. viðauka. Ákvæði þetta telst vera uppfyllt fyrir vagnlest með festivagni ef fjarlægð frá tengipinna vagnsins til miðju fræðilegs afturáss er ekki meiri en 9,20 m.

Þrátt fyrir ákvæði h-liðar 1. mgr. er heimilt að hafa vagnlest bifreiðar með tengivagni þannig að lengdin megi vera allt að 25,25 m í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

- a. Lengd farmrýmis tengivagns má ekki vera meiri en 13,60 m.
- b. Bifreið og tengivagn skulu búin hemlum með læsivörn.

Heimild skv. 4. mgr. er bundin við þá vegi og þann tíma sem greinir í IV. viðauka. Um aðra vegi og tíma gilda ákvæði 13. gr. um undanþágu vegna sérstakra flutninga.

## 6. gr.

*Mæling lengdar.*

Fjarlægð, mæld samhliða lengdarási vagnlestar sem er bifreið með tengivagni, frá fremsta hluta farmrýmis aftan við stýrishús að aftasta hluta tengivagnsins, að frádreginni fjarlægðinni milli afturenda dráttartækisins og framenda vagnsins, má mest vera 18,90 m.

Fjarlægð, mæld samhliða lengdarási vagnlestar með tengivagni frá fremsta hluta farm- rýmis aftan við stýrishús að aftasta hluta tengivagnsins, má mest vera 19,65 m.

Fjarlægð milli aftasta áss bifreiðar og fremsta áss tengivagns má ekki vera minni en 3,00 m.

## 7. gr.

*Breidd ökutækis.*

Leyfileg breidd bifreiðar og eftirvagns er 2,55 m með þeirri undantekningu að yfirbygging jafnhitavagns má vera 2,60 m.

Leyfileg breidd vinnuvélar, eftirvagns hennar eða tengitækis til landbúnaðarstarfa eða vegavinnu er 3,30 m. Lögreglan getur bannað akstur slíkra ökutækja þegar sérstaklega stendur á.

Breidd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta þess sem standa lengst til hliðar. Speglar eða ljósker, önnur en aðal-, vinnu- og hliðarljósker, svo og keðjur á hjólum, eru ekki talin til breiddar ökutækis. Sama gildir um festingar fyrir yfirbreiðslu og vörn þeirra.

## 8. gr.

*Breidd eftirvagns.*

Breidd eftirvagns eða tengitækis, sem bifreið dregur, má ekki vera meiri en sem nemur 30 cm út fyrir hvora hlið bifreiðar.

## 9. gr.

*Hæð ökutækis.*

Leyfileg hæð ökutækis er 4,20 m sem skal mæld hornrétt frá yfirborði vegar að þeim hluta þess sem hæst stendur.

## 10. gr.

*Heildarþyngd og áspungi.*

Í I. viðauka reglugerðarinnar er kveðið á um leyfilega heildarþyngd og áspunga ökutækis. Ákvæði II. viðauka gilda um slíkt hámark á vegum sem ekki þola þá þyngd sem tilgreind er í I. viðauka. Veghaldari getur gefið út skrá yfir vegi sem falla undir ákvæði I. og II. viðauka en ella gilda ákvæði I. viðauka.

Áspungi drifáss eða drifása bifreiðar má ekki vera innan við 25% af heildarþyngd bifreiðar eða vagnlestar.

Leyfileg heildarþyngd og áspungi ökutækis miðast við að loftþrýstingur í hjólbörðum sé ekki meiri en 8 bör eða 116 psi, mælt í köldum hjólbarða. Þó má loftþrýstingur vera 9 bör í negldum snjóhjólbörðum.

Leyfileg heildarþyngd bifreiðar með fimm eða sex ásum er 32 tonn og gilda þá ákvæði liðar 1.3.3 í I. viðauka.

Leyfileg heildarþyngd bifreiðar á beltum er 12 tonn.

Ökutæki má þó ekki hlaða þannig að heildarþyngd þess eða áspungi verði meiri en heimilað er í skráningarskírteini þess.

## III. KAFLI

**Frávik frá stærð og þyngd ökutækis.**

## 11. gr.

*Tímabundnar takmarkanir.*

Veghaldari getur takmarkað tímabundið leyfilega heildarþyngd og leyfilegan áspunga ökutækja skv. 10. gr., miðað við burðarþol brúar eða vegar, svo sem þegar frost fer úr vegi. Þegar þungatakmörkunir eru í gildi skal heildarþyngd og áspungi vera í samræmi við VI. viðauka.

## 12. gr.

*Frávik frá leyfilegri heildarþyngd ökutækis.*

Veghaldara er heimilt að veita undanþágu frá reglum um heildarþyngd ökutækja skv. 10. grein á einstökum vegum eða vegarköflum skv. I. viðauka og leyft allt að:

- a. 44 tonna heildarþunga vagnlestar sem er að lágmarki 5 ása enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
  1. hver ás, nema framás bifreiðar, sé á tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum búnaði sem telst jafngildur,
  2. lágmarks hjólbarðastærð skal vera 275/70R22,5,
  3. bifreið sé með drifi á a.m.k. tveimur sívirkum drifásum,
  4. þungi á framási sé 7 tonn að hámarki en á öðrum ásum ekki meiri en 10 tonn og
  5. loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bör eða 109 psi sé framás með loftfjöðrun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbarðastærð að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða.
- b. 49 tonn fyrir vagnlest sem er að lágmarki 6 ása, enda séu uppfyllt:
  1. sömu skilyrði og tilgreind eru í a-lið, og
  2. a.m.k. 13,5 m séu milli fremsta og aftasta áss vagnlestar og a.m.k. 6 m frá aftasta ási ökutækis að fremsta ási festivagns.

Veghaldari getur takmarkað heimild skv. 1. mgr. við ástand vega hverju sinni og gerð ökutækis í samræmi við 11. gr.

Ítrekuð brot á skilyrðum heimildar skv. þessari grein getur varðað banni við beitingu heimildar samkvæmt greininni. Vegagerðin tekur ákvörðun um beitingu banns og tilkynnir um það til lögreglu.

## 13. gr.

*Sérstakur flutningur.*

Sækja má um undanþágu frá reglum um lengd, breidd, hæð, heildarþyngd og áspunga ökutækis til Vegagerðarinnar sem aflar samþykkis lögreglustjóra eins og við á í samræmi við verklagsreglur þar um. Þetta á við þegar nauðsyn þykir bera til, vegna óskiptanlegra eða sérstakra flutninga sem ekki geta með góðu móti farið fram með öðrum hætti. Vegagerðin getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi og getur bundið undanþágu við ástand vega og mannvirkja hverju sinni og gerð ökutækis.

Við veitingu undanþágu skv. 1. mgr. skal Vegagerðin hafa samráð við aðra veghaldara eftir því sem við á. Þegar undanþága varðar flutning um tvö eða fleiri lögregluumdæmi sér Vegagerðin um að kynna flutninginn fyrir viðkomandi lögregluembættum eftir því sem við á.

Undanþágu skv. 1. mgr. má veita fyrir einn flutning eða í tiltekinn tíma, allt að einu ári enda sé gætt ákvæða 14. gr.

Leyfið skal vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.

Brot á skilyrðum undanþágu samkvæmt þessari grein getur varðað afturköllun undanþágu. Synja má um undanþágu hafi umsækjandi ítrekað gerst sekur um slíkt brot.

## IV. KAFLI

**Lögreglufylgd og eftirlit.**

## 14. gr.

*Lögreglufylgd vegna flutninga.*

Þegar um flutning skv. 13. gr. er að ræða metur lögregla þörf á aðstoð hverju sinni með tilliti til umfangs og hættu við flutning, nauðsyn á stjórnun annarrar umferðar og annarra

kringumstæðna í samræmi við reglur sem hún setur þar um. Lögregla getur í stað fylgdar mælt fyrir um sérstaka merkingu þ.m.t. um ljósabúnað.

Flytjandi skal óska eftir fylgd til Vegagerðar eða lögreglu um leið og sótt er um undanþágu skv. 13. gr.

Sá sem fær undanþágu til flutninga skv. 13. gr. skal greiða fyrir kostnað vegna lögreglu-fylgdar sem að mati lögreglustjóra er þörf á við flutninginn.

Lögreglustjóri getur krafist þess að kostnaður þessi verði greiddur fyrirfram eða að sett verði trygging sem hann metur gilda fyrir greiðslu hans.

15. gr.

*Eftirlit.*

Vegagerðin annast auk lögreglu eftirlit með stærð og þyngd ökutækja.

Sérstökum eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva ökutæki til þess að vigta þau og gera aðrar athuganir sem nauðsynlegar kunna að vera vegna eftirlits á stærð og þyngd ökutækja.

Reynist heildarþyngd eða áspungi ökutækis meiri en heimilt er, ber ökumanni að fara eftir fyrir mælum eftirlitsmanns um að létta ökutækið eða gera aðrar ráðstafanir um áframhaldandi akstur ökutækis, krefjist eftirlitsmaður þess.

V. KAFLI

**Málsmeðferð o.fl.**

16. gr.

*Málsmeðferð.*

Um málsmeðferð vegna synjunar banns eða synjunar á undanþágu skv. 12. og 13. gr. reglugerðarinnar gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

17. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot á reglugerð þessari varða refsingu í samræmi við XIV. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 og reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, svo og reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

18. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari hefur verið innleidd tilskipun ráðsins nr. 96/53/EB um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/7/EB sem breytir henni.

19. gr.

*Viðaukar.*

Eftirtaldir viðaukar, nr. I-VI fylgja reglugerðinni og eru hluti hennar:

- I. Leyfileg heildarþyngd og áspungi á vegum.
- II. Leyfileg heildarþyngd og áspungi á vegum sem ekki falla undir viðauka I.
- III. Merki fyrir langt ökutæki.
- IV. Undanþágur fyrir vagnlestir samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr.

V. Samanburður á áspunga í viðauka I og II.

VI. 11. gr. viðauki.

20. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett skv. 68., 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987 og tekur gildi 1. mars 2007. Frá sama degi fellur úr gildi reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 688/2005, með síðari breytingum.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. er heimilt til 1. janúar 2010 að nota háþekjugáma við flutninga á vegum þannig að heildarhæð vagns og gáms nemi allt að 4,40 m hæð. Ökumaður og flytjandi bera ábyrgð á að flutningurinn fari um leiðir þar sem mannvirki leyfa þá hæð.

*Samgönguráðuneytinu, 27. febrúar 2007.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

VIÐAUKI I

**Leyfileg heildarþyngd og áspungi á vegum.**

<i>Leyfileg heildarþyngd:</i>		
	<b>Tonn</b>	<b>Lýsing ökutækis</b>
1.1		Ökutæki sem er hluti vagnlestar:
1.1.1	18	Tvíása tengivagn
1.1.2	24	Þríása tegnivagn
1.2		Vagnlest
1.2.1		Fimm- eða sexása vagnlest sem er bifreið og tengivagn:
1.2.1.1	40	Tvíása bifreið með þríása tengivagni
1.2.1.2	40	Þríása bifreið með tvíása tengivagni
1.2.1.3	40	Þríása bifreið með þríása tengivagni, og
	44	sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.1.4	44	Fjórása bifreið með tvíása tengivagni
1.2.2		Fimm- eða sexása vagnlest sem er bifreið og festivagn:
1.2.2.1	40	Tvíása bifreið með þríása festivagni
1.2.2.2	40	Þríása bifreið með tvíása festivagni
1.2.2.3	44	Þríása bifreið með tví- eða þríása festivagni þar sem vagnlest ber 40 feta ISO gám
1.2.2.4	40	Þríása bifreið með þríása festivagni og
	44	sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og þyngd hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.3.5	44	Fjórása bifreið með tvíása festivagni
1.2.3	36	Fjórása vagnlest sem er tvíása bifreið og tvíása tengivagn

1.2.4		Fjórása vagnlest sem er tvíása bifreið og tvíása festivagn, sé fjarlægðin milli ása festivagns:
1.2.4.1	36	1,3 m eða þar yfir, þó ekki yfir 1,8 m
1.2.4.2	36	yfir 1,8 m + 2 tonn þegar ákvæði um leyfilega heildarþyngd bifreiðar (18 tonn) og tvíása festivagns (20 tonn) eru virt og drifás er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB
1.3		Bifreið:
1.3.1	18	Tvíása bifreið
1.3.2	25	Þríása bifreið eða
	26	sé drifásinn með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB eða hver drifás sé með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.3.3	32	Fjórása bifreið með tveimur stýrisásum:
		a. sé drifásinn með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB eða
		b. sé hver drifás með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss ekki meiri en 9,5 tonn
<i>Aðrir eiginleikar ökutækis:</i>		
		Heildarþyngd fjórása bifreiðar í tonnum, má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð milli fremsta og aftasta áss bifreiðar í metrum
1.4	28	Þríása liðvagn
<i>Leyfilegur áspungi:</i>		
	<b>Tonn</b>	<b>Lýsing áss</b>
2.1	10	Einn ás sem er ekki drifás
2.2		Heildaráspungi á tvíása samstæðu eftirvagns með fjarlægð milli ása (f):
2.2.1	11	minni en 1 m ( $f < 1,0$ m)
2.2.2	16	frá 1,0 m og upp að 1,3 m ( $1,0 \text{ m} < f < 1,3 \text{ m}$ )
2.2.3	18	frá 1,3 m upp að 1,8 m ( $1,3 \text{ m} < f < 1,8 \text{ m}$ )
2.2.4	20	1,8 m og þar yfir ( $1,8 \text{ m} < f$ )
2.3		Heildaráspungi á þríásasamstæðu eftirvagns með fjarlægð milli ása (f):
2.3.1	21	1,3 m eða minna ( $f < 1,3 \text{ m}$ )
2.3.2	24	yfir 1,3 m og upp að 1,4 m ( $1,3 \text{ m} < f < 1,4 \text{ m}$ )
2.4		Drifás
2.4.1	11,5	Drifás bifreiðar, sbr. liði 1.2.1 og 1.2.2
2.4.2	11,5	Drifás bifreiðar, sbr. liði 1.2.3, 1.2.4, 1.3 og 1.4
2.5		Samanlagður áspungi á hverja tvíása samstæðu í bifreið með fjarlægð milli ása (f):
2.5.1	11,5	innan við 1 m ( $f < 1,0 \text{ m}$ )
2.5.2	16	frá 1,0 m og allt að 1,3 m ( $1,0 \text{ m} < f < 1,3 \text{ m}$ )
2.5.3	18	frá 1,3 m og allt að 1,8 m ( $1,3 \text{ m} < f < 1,8 \text{ m}$ )
	19	sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða sé hver drifás með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn


## VIÐAUKI II

## Leyfileg heildarþyngd og áspungi á vegum sem ekki falla undir viðauka I.

<i>Leyfileg heildarþyngd:</i>		
	<b>Tonn</b>	
1.1		Vagnlest
1.1.1	40	Allar vagnlestir
1.1.2	18	Tvíása tengivagn með tvöföldum hjólum
1.1.3	14	Tvíása tengivagn með einföldum hjólum
1.1.4	22	Þríása tengivagn með tvöföldum hjólum
1.1.5	18	Þríása tengivagn með einföldum hjólum
1.2	14	Bifreið með fjórum hjólum
1.2.2	17	Bifreið með sex hjólum
1.2.3	20,5	Bifreið með átta hjólum
1.2.4	23	Bifreið með tíu hjólum
1.2.5	29	Bifreið með 12 hjólum
<i>Leyfilegur áspungi:</i>		
	<b>Tonn</b>	<b>Lýsing áss</b>
2.1	10	Einn ás með tvöföldum hjólum
2.1.1	7	Einn ás með einföldum hjólum
2.2.1	10	Tvíásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	7	með einföldum hjólum þegar bil milli ása er innan við 1,0 m ( $f < 1,0$ m)
2.2.2	16	Tvíásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	11	með einföldum hjólum þegar bil milli ása er frá 1,0 m til 1,3 m ( $1,0 \text{ m} < f < 1,3$ m)
2.2.3	16	Tvíásasamstæða með tvöföldum hjólum
2.2.4	13,5	Tvíásasamstæða með tvöföld hjól á öðrum ási sé bil milli ása frá 1,3 m til 1,8 m ( $1,3 \text{ m} < f < 1,8$ m)
2.2.5	11	Tvíásasamstæða með einföldum hjólum
2.3.1	16	Þríásasamstæða með tvöföldum hjólum
2.3.2	11	Þríásasamstæða með einföldum hjólum þegar bil milli ása er innan við 1,3 m ( $f < 1,3$ m)
2.3.2	22	Þríásasamstæða með tvöföldum hjólum
2.3.3	16	Þríásasamstæða með einföldum hjólum þegar bil milli ása er frá 1,3 m til 1,4 m ( $1,3 \text{ m} < f < 1,4$ m)
2.3.4	20	Þríásasamstæða með tíu hjólum



**VIÐAUKI III**  
**Merki fyrir langt ökutæki.**

<i>Merki:</i>	
a.	<p>Skilti með áletrun „LANGT ÖKUTÆKI“ skal vera ferhyrnt, a.m.k 900 mm langt með a.m.k. 25 mm breiðum rauðum jaðri. Stafir skulu vera svartir á gulum grunni, a.m.k. 70 mm háir og breidd stafleggja a.m.k. 11 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift.</p> 
b.	<p>Skilti um leyfilegan hámarkshraða skal vera hringlaga, 200 mm að þvermáli og með svörtum jaðri. Áletrun skal vera „80“ með svörtum stöfum 120 mm háum. Leturgerðin skal vera blokkskrift.</p> 

**VIÐAUKI IV**  
**Undanþágur fyrir vagnlestir samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr.**

<i>Tímamörk:</i>			
A.	Hvenær ekki má aka vagnlest sem undanþágu hefur samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr.:		
	Frá kl. 18.00 á föstudegi til kl. 24.00 næsta sunnudag á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. ágúst ár hvert.		
<i>Vegir:</i>			
B.	Undanþága samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr. gildir á eftirtöldum þjóðvegum:		
Númer	Nafn	Númer	Nafn
1	Hringvegi, þó ekki frá Mývatnsvegi (848) hjá Arnarvatni að Kísilvegi (87) hjá Reykjahlíð og frá Egilsstöðum að Suðurfjarðavegi (96) við Breiðdalsvík	38	Þorlákshafnarvegi, frá Þorlákshöfn að Þrengslavegi (39)

Númer	Nafn	Númer	Nafn
39	Þrengslavegi	40	Hafnarfjarðarvegi
41	Reykjanesbraut	43	Grindavíkurvegi
44	Hafnavegi	45	Garðskagavegi
46	Víkna vegi	49	Nesbraut, frá Hringvegi (1) að Reykjanesbraut (41) við Ánanaust
413	Breiðholtsbraut	419	Höfðabakka, frá Nesbraut (49) að Reykjanesbraut (41)
421	Vogavegi	425	Nesvegi
453	Sundagörðum	454	Holtagörðum
470	Fjarðarbraut, þó ekki frá Norðurbakka að Fornubúðum	4540	Viðinesvegi, frá Hringvegi (1) að Sorpu
51	Akrafjallsvegi	54	Snæfellsnesvegi, frá Hringvegi (1) að Vatnaleið (56) við Vegamót og frá Útnesvegi (574) við Fróðá að Stykkishólmsvegi (58)
56	Vatnaleið	58	Stykkishólmsvegi
574	Útnesvegi, frá Rífi að Snæfellsnesvegi (54) við Fróðá	72	Hvammstangavegi
74	Skagastrandarvegi	75	Sauðárkróksbraut
76	Siglufjarðarvegi, frá Sauðárkróksbraut (75) til Siglufjarðar	82	Ólafsfjarðarvegi, frá Hringvegi (1) til Ólafsfjarðar
83	Grenivíkurvegi	85	Norðausturvegi, frá Hringvegi (1) til Húsavíkur
845	Aðaldalsvegi	848	Mývatnsvegi
87	Kísilvegi	93	Seyðisfjarðarvegi
92	Norðfjarðarvegi	96	Suðurfjarðavegi
Auk þess gildir undanþágan á eftirtöldum götum í Reykjavík:			
	Sægörðum		Kleppsmýrarvegi
	Skútuvogi		Grandagarði
	Faxagötu		


**VIÐAUKI V**  
**Samanburður á áspunga í viðauka I og II.**

<b>Samanburður á áspunga, í viðauka 1 og 2.</b>				
	Ásar	Þyngdir í tonnum		
		Viðauki 2.	Viðauki 1. Drifás	
Ás með tveimur hjólum		7	10	11,5
Ás með fjórum hjólum		10	10	11,5
Tvíás með fjórum hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		11	18	18
Tvíás með átta hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		16	18	Blaðfjórir Tvö drif 19
Tvíás með sex hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		13,5	18	Loffjaorir eitt drif 19
Þríás með sex hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		16	24	
Þríás með tíu hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		20	24	
Þríás með tólf hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		22	24	

**Almenn ákvæði**













Að minnst **25%** af heildarpunga Bifreiðar / Vagnlestar, hvíll á drifás ökutækis.

Bifreið svo og samtengdum ökutækjum, skal vera hægt að aka á snúningsboga eins og sýnt er hér að neðan:



**VIÐAUKI VI**  
**11. gr. viðauki.**

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga vegna aurbleytu eða af öðrum ástæðum við 2, 5, 7 eða 10 tonn gilda eftirfarandi reglur um mesta leyfðan ás- og heildarþunga:

	Ásar	Burðarflokkar			
					
		10 tonn	7 tonn	5 tonn	2 tonn
Ás með tveimur hjólum		7	5 <sup>*1)</sup>	3	2
Ás með fjórum hjólum		10	7	5	2
Tvíás með fjórum hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		11	7	5	2
Tvíás með sex hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		13,5	9	6,5	2
Tvíás með átta hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		16	11	8	2
Þríás með sex hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		16	11 <sup>*2)</sup>	8 <sup>*2)</sup>	2
Þríás með tíu hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		20	13,5 <sup>*2)</sup>	10 <sup>*2)</sup>	2
Þríás með tólf hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		22	15 <sup>*2)</sup>	11 <sup>*2)</sup>	2
<b>Heildarþungi samtengdra ökutækja</b>		<b>40<sup>*3)</sup></b>	<b>27</b>	<b>19</b>	<b>4</b>

\*1) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 22,5. Fyrir minni hjólbarða er leyfður 4ra t. áspungi.

\*2) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 22,5. Fyrir minni hjólbarða reiknast þríás með sex hjólum sem tvíás með fjórum hjólum. Þríás með tólf hjólum reiknast sem tvíás með átta hjólum.


\*3) a) Heildarþungi 44 tonn fyrir sex ása vagnlest sé dráttarþreifreið búin 2 sívirkum drífásum, hafi 4 hjól og loftþjáðrir á öllum ásum nema framás.  
b) Loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bör eða 109 psi sé framás með loftþjóðrun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbarðastærð að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða.

**Fylgiskjal.**

**Við viðauka reglugerðarinnar.**

**Lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta  
samkvæmt reglum um stærð og þyngd ökutækja**

Öll mál í metrum



### Áspungi í viðauka I

ás	tonn	tviás	bíl milli ása m				þriás	bíl milli ása m	
			<1,0 tonn	≥1,0 <1,3 tonn	≥1,3 <1,8 tonn	≥ 1,8 tonn		< 1,3 tonn	≥1,3 <1,4 tonn
	10		11	16	18	20		21	24
	11,5		11,5	16	18	20			
			11,5	16	19	20			
			11,5	16	19 *	20			

\* áspungi fari ekki yfir 9,5 t.

framás	tonn	44 og 49 tonna undanþáguvagnlestir				≥1,3 <1,4 tonn	
	7				18		24
					19		





### Tví-, þrí- og fjórása bifreiðar

Tvíás getur orðið allt að 19 tonn ef:



1. drifás er með 4 hjólum og loftfjöðrum, enda hvíli minnst 25% af heildarþ. á ásnum.
2. tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.

● = Drifás




Heildarþungi á fjórása ökutækis er 32 tonn þegar drifás er með 4 hjólum og loftfjöðrum eða tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.

Leyfileg heildarþyngd á fjórása vélknúnu ökutækis má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækis.



### Þríása liðvagnar.







Heildarþungi 28



**Dráttar bifreið með hengi- eða tengivagni**

Tvíás getur orðið allt að 19 tonn ef:

1. drifás er með 4 hjólum og loftfjöðrum, enda hvili minnst 25% af heildarþ. á ásnum.
2. tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.










### Dráttarbifreið með festivagni

Tvíás getur orðið allt að 19 tonn ef:

1. drifás er með 4 hjólum og loftfjórðum, enda hvíli minnst 25% af heildarþ. á ásnum.
2. tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.








### Vagnlest með allt að 44 tonna heildarpunga

Tvíás getur oróloð allt að 19 tonn ef:

1. drifás er með 4 hjólum og loftfjöðrum, enda hvíli minnst 25% af heildarp. á ásnum.
2. tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.

● = Drifás




**Fjórása bifreiðar með eftirvagni.**

Fjórása bifreiðar skulu búnar a.m.k. 2 drifásum með 8 hjólum, þegar um samtengda vagnlest er að ræða.


Leyfileg heildarþyngd á fjór ása vélknúnu ökutæki má ekki fara yfir sexfalda fjarðlægd í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækis.

● = Drifás







### Undanþáguvagnlest fyrir 44 / 49 tonna heildarþunga

Dráttarbífreið skal búið 2 sívirkum drífásum, hafi 4 hjól og loftfjaðrir á öllum ásum nema framás. Loftþrýstingur í hjólbarða er takmarkaður við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bör eða 109 psi sé framás með loftfjöðrun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbardaæstæri að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða




**Viðauki II**  
**Tví-, þrí- og fjórása bifreiðar**









**Þríása liðvagnar.**

**Heildarþungi 24**



**Viðauki II**  
**Dráttar bifreið með hengi- eða tengivagni**



**Viðauki II**  
**Dráttarbifreið með festivagni**

